

354. fundur Skólanefnar FS

14. apríl 2021



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúinn Gunnar Valdimarsson, Kristján Ásmundsson skólameistari og Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns og varaformanns.
 2. Staðan.
 3. Önnur mál.

1. Kosning formanns og varaformanns.

Rætt var um hlutverk nefndarinnar sem er að vera skólameistara til ráðgjafar. Bjarni Páll Tryggvason var kosinn formaður. Helga María Finnbjörnsdóttir var kosin varaformaður.

2. Staðan.

Skólameistari fór yfir stöðuna varðandi fjölda nemenda í dagskóla, síðdegisnámi og fjölda grunnskólanemenda sem sækja nám í einstaka áföngum og hvernig framhaldið yrði.

Einnig rætt um félagsaðstöðuna og viðbygginguna sem tekin verður í notkun í haust og ákveðið að fara niður og skoða viðbygginguna í lok fundar. Rætt var um aðsókn að verklegu námi og stöðuna þar varðandi húsnæði. Búið er að vinna þarfagreiningu varðandi verknámsaðstöðuna og óskuðu nefndarmenn eftir að fá þá skýrslu senda. Í umræðunni kom fram að ný reglugerð varðandi verk- og starfnámskennslu tekur gildi 1. ágúst og það mál er í skoðun.

3. Önnur mál.

a) Upplýst var að búið er að sækja um til ráðuneytisins að fá að hafa sumarskóla líkt og var síðastliðið sumar. Einnig sagt frá samstarfi við Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ varðandi vinnuskólann.

b) Spurt var hvort farið hafi verið í stefnumótunavinnu fyrir skólann og skólameistari upplýsti að fyrrverandi skólanefnd hefði farið í þá vinnu og Róbert Ragnarsson var fenginn til að leiða hana. Óskað var eftir að sú skýrsla ásamt þarfagreiningunni yrði send á nefndina.

c) Skólameistari upplýsti að hann hefði fengið orlof næsta skólaár og að frágengið væri við ráðuneytið að Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari myndi leysa hann af.


Handwritten notes in blue ink: BOT, FADK, EOP, GU, GP, HITS, HMF.


d) Ákveðið að fundir nefndarinnar yrðu haldnir annan miðvikudag í mánuði kl. 17:00 og dagskrá send út áður. Ef einhver fundarmaður getur ekki mætt þá skal hann sjá um að boða varamann fyrir sig. Fundarmenn óskuðu eftir því að Facebook síða yrði búin til fyrir samskipti milli aðila.

e) Fleira var ekki tekið fyrir en fundarmenn fóru í lokin og skoðuðu stöðuna á nýbyggingunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason



Einar Jón Pálsson


Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

Kristján Ásmundsson, skólameistari


Ásrún Helga Kristinsdóttir


Helga María Finnbjörnsdóttir


Gunnar Valdimarsson


Guðlaug Pálsdóttir, aðstoðarskólameistari